

Sæl öll,

Þá er **árshátíðarvika nemenda** farin af stað með ýmsum uppákomum í skólastarfinu og lýkur henni með **árshátíðardansleik NFF í Gullhömrum annað kvöld**, fimmtudagskvöldið **13. febrúar**. Árshátíðarkvöldverður og skemmtidagskrá hefst **kl. 20:00** en hleypt er inn á dansleikinn **kl. 22:00**. Honum lýkur **kl. 01:00**. Sjálfur **árshátíðardagurinn** verður einnig haldinn hátíðlegur með uppbroti á kennslu. Kenndir verða fyrstu tveir tímar dagsins samkvæmt stundatöflu en í þriðja tíma safnast nemendur saman á sal skólans til að hlýða á fræðslu um hvernig hægt er verjast stafrænu ofbeldi, m.a. á samfélagsmiðlum og hver réttindi nemenda eru hvað þetta varðar, sjá betur í töflu hér fyrir neðan:

	Árshátíðardagur nemenda 13. febrúar
Dagskrá	
08:30 - 09:30	Kennsla samkv. stundatöflu
09:50 - 10:50	Kennsla samkv. stundatöflu
10:55 - 11:55	Kennsla samkv. stundatöflu. Manntal tekið og nemendum fylgt í Hamarssal
11:00 - 11:55	Erindi Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur um stafrænt ofbeldi meðal ungs fólks
11:55 - 12:15	Ís og knús í lok skóladags
	Kennsla fellur niður eftir hádegi

Ég vil minna á að Flensborgarskólinn leggur mikla áherslu á fyrirmyndarhegðun á dansleikjum skólans og heilbrigðan lífsstíl. **Ölvun ógildir alltaf miðann** og eru allar nánari upplýsingar um reglur á dansleikjum og/eða viðburðum á vegum NFF og skólans [hér](#). Þá vil ég líka vekja athygli á **Fyrirmyndarpotti** skólans þar sem allir nemendur eru hvattir til að blása í áfengismæla og taka þátt í happdrætti með **veglegum vinningum** frá foreldraráði skólans.

Athugið vel að **kennsla fellur niður í fyrsta tíma** föstudaginn 14. febrúar.

Þá langar mig til að nota tækifærið og hvetja nemendur til að taka þátt í **Lífshlaupinu**, sjá allar nánari upplýsingar og skráningu á <https://lifshlaupid.is/>. Lífshlaupið snýst í örsttu máli um að hreyfa sig og skrá hreyfinguna þannig að hún nýtist skólum í svokallaðri **framhaldsskólakeppni. Öll hreyfing gildir**, hvort sem það er göngutúr með hundinn, handboltaæfing, að lyfta lóðum eða gera æfingar og teygja í Barre Fit tíma. Flensborgarskólinn á lið í keppninni og allt telur. Heppnir þátttakendur fá glæsilega vinninga frá Mjólkursamsölunni og er vinningshafar dregnir út daglega þannig að það er til mikils að vinna.

Að lokum vil ég minna á **vetrarfrí skólans** dagana 24. – 25. febrúar. Í aðdraganda þess verður námsmatsdagur, eða svokallaður **uppsópsdagur, föstudaginn 21. febrúar**, þar sem nemendum gefst tækifæri til að vinna að verkefnum heima. **Engin kennsla** fer fram þennan dag. Í því samhengi minni ég að það er mikilvægt að sinna náminu vel alla daga, það styttist í **miðannarmat þann 3. mars nk.** og því er mikilvægt að öll vinna á önninni sé komin vel af stað.

Með bestu kveðju,

Erla Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði